

**39. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 11. nóvember
2014 kl. 15:00**

Fundargerð

Fundurinn er haldinn í gegnum síma.

Mættir: Sveinn Jónsson (SJ), Jón Björn Hákonarson (JBH), Þórunn Egilsdóttir (ÞE), Sæunn Stefánsdóttir (SS), Berglind Hasler (BH), Karl Lauritzson (KL), Páll Baldursson (PB), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB). Berglind Häsler (BH) ritaði fundargerð

Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) starfandi framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Staðfestingar fundargerða
2. Yfirlit yfir stöðu mála
 - a. Fjárhagur Austurbrúar
 - b. Sóknaráætlun Landshlutanna
 - c. Ál og Fisk verkefni – næstu skref
 - d. Upplýsingamiðstöð
 - e. Önnur verkefni
3. Skipan í fagráð Austurbrúar
4. Önnur mál
 - a. Gæðamál
 - b. Innleiðingaráætlun skv. ársfundi
 - c. Húsnæðismál
 - d. Starfsmannamál
5. Önnur mál



Jón Björn Hákonarson setti fundinn og bauð alla velkomna.

1. **Staðfesting fundargerða**

Fundargerð nr. 37 og nr. 38 samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

2. **Yfirlit yfir stöðu mála**

a. **Fjárhagur Austurbrúar**

Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdarstjóri Austurbrúar fór yfir fjárhagsstöðu stofnunarinnar, hvaða viðræður og þróun hafi átt sér stað frá síðasta fundi. Jónu Árnýju og Jóni Birni er falið að halda áfram vinnunni á grundvelli umræðna fundarins.

b. **Sóknaráætlun landshlutanna**

JÁÐ fór yfir þróun mála og stöðu samningana í dag. Ljóst er að áhrif nýrra samninga á starfsemi og rekstur Austurbrúar geta orðið töluverð. SSA er búið að senda athugasemdir við nýja samninga sem unnar voru í samstarfi við starfsfólk Austurbrúar. Nú eru landshlutasamtökin að fylgja sínum athugasemdum eftir gagnvart ráðuneytinu og von á viðbrögðum við þeim innan tíðar.

c. **Ál og Fisk verkefni – næstu skref**

JÁÐ fór yfir stöðu verkefnanna og næstu skref. Búið er að ganga frá boðun til fundar um auðlindina ál sem fram fer 28. nóvember á Breiðdalsvík. Í tengslum við þann fund er einnig búið að boða til málþings í samstarfi við Samtök iðnaðarins um útboð og samkeppnishæfni fyrirtækja á Austurlandi.

d. **Upplýsingamiðstöðin**

JBH fór yfir stöður mála frá síðasta fundi. JBH og JÁÐ áttu fundi með stjórn ferðamálasamtaka Austurlands á mánudaginn þar sem farið var yfir stöðuna. Gert er ráð fyrir frekari fundum í framhaldinu til að finna málinu farveg.

3. **Skipan í fagrað Austurbrúar**

JÁÐ fór yfir tilgang fagraðsins og hvernig það var hugsað inn í skipulagsskrá Austurbrúar. Stjórn frestar málinu til næsta fundar.

4. **Önnur mál**

a. **Gæðamál**

JÁÐ kynnti drög að gæðastefnu Austurbrúar. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög.

b. **Innleiðingarætlun skv. ársfundi**

JÁÐ fór yfir stöðu á innleiðingaráætlun og það sem gert hefur verið frá síðasta fundi.

c. Húsnæðismál

JÁÐ fór yfir stöðu mála gagnvart leigjendum á Vonarlandi og fundi sem hún átti með í síðustu viku. Ljóst er að leiga er að hækka á Vonarlandi eftir nýja leigusamninga við Vísindagarðinn ehf. Stjórn felur Jónu Árnýju að ræða við forsvarsmenn Vísindagarðsins um fyrirbyggjandi framkvæmdir og áhrif þeirra á leiguverðið.

d. Starfsmannamál

Drög að starfslýsingum fyrir yfirverkefnisstjóra liggja fyrir fundinum. Stjórn samþykkir drög að starfslýsingunum og felur JÁÐ að auglýsa innanhúss eftir áhuga á þessum hlutverkum.

5. Önnur mál

Stjórn felur JÁÐ og JBH að ganga frá samningum á milli Austurbrúar og SSA á grundvelli þess sem þegar hefur verið rætt.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundu slitið kl. 16:40

Jón Björn Hákonarson

Sæunn Stefánsdóttir

Pórunn Egilsdóttir

Sveinn Jónsson

Berglind Hasler

Karl Lauritzson

Páll Baldursson

Sigrún Birna Björnsdóttir

